



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 5. desember 2024

Efni: Styrkbeiðni frá Kvennaráðgjöfinni 2024

Meðfylgjandi er erindi frá Kvennaráðgjöfinni dagsett 12.11.2024 þar sem óskað er eftir fjárframlagi frá Kópavogsbæ vegna ársins 2025.

Kvennaráðgjöfin hefur starfað frá árinu 1984 og hefur þann megintilgang að veita konum stuðning og ráðgjöf frá félagsráðgjöfum og lögfræðingum. Öllum, bæði konum og körlum, er heimilt að leita ráðgjafar nafnalaust og er hún endurgjaldslaus. Sjá frekari upplýsingar í meðfylgjandi beiðni um fjárframlag.

Velferðarráð Kópavogs hefur styrkt Kvennaráðgjöfina í gegnum árin en þó ekki árlega. Upphæðir hafa verið á bilinu 150.000 til 300.000kr.

Í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Kvennaráðgjafarinnar fyrir árið 2025.

